

GJALDSKRÁ
fyrir fráveitu á veitusvæði
Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, Borgarbyggð.

Félagsfundur Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf. hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði byggðarráðs Borgarbyggðar:

Sveitarfélag	Fast gjald kr./matseiningu	Breytilegt gjald kr./fermetra
Veitusvæði III – Borgarbyggð*	12.426,96	479,60

* Verð á veitusvæði III verður það sama og í Reykjavík og á Akranesi út árið 2015 í samræmi við samþykkt stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, fast gjald 9.378,85 kr./matseiningu og 362,02 kr./fermetra.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2015. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1158/2013.

Reykjavík, 16. desember 2014.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu,

Inga Dóra Hrólfsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2014